



Stoð og styrkur í atvinnuendurhæfingu Janus endurhæfing, nýtt úrræði

Sigríður Anna Einarsdóttir félagsráðgjafi,
Kristín Siggeirsdóttir iðjubjálfi

Með stofnun Janusar endurhæfingar ehf. árið 2000 opnaðist nýr möguleiki fyrir einstaklinga sem þurfa á atvinnuendurhæfingu að halda og um leið nýr starfsvettvangur fyrir heilbrigðisstarfsmenn, kennara og félagsráðgjafa. Í þessari grein verður skýrt frá uppbyggingu starfseminnar, örri þróun og starfssviði félagsráðgjafans.

Upphafið

Skortur á atvinnuendurhæfingu og fjölgun örorkulífeyrisþega leiddi til þess að Janus endurhæfing varð að veruleika í byrjun árs 2000. Markmiðið var að setja á laggirnar öfluga atvinnuendurhæfingu sem sameinaði krafta heilbrigðis-, mennta-, félags-, og hagkerfisins. Því fleiri stoðir því meiri styrkur. Þessi leið við atvinnuendurhæfingu var nýjung.

Aldamótaárið var gert samkomulag við Iðnskólann í Reykjavík varðandi samvinnu. Árið áður þ.e. 1999, var undirritaður þjónustusamningur við Tryggingastofnun ríkisins og markaði hann upphaf starfseminnar.

Hluthafar á þessum tíma voru ekki margir aðeins Sameinaði lífeyrissjóðurinn. Áhuginn á verkefninu varð fljótt talsverður og styrkir bárust strax í upphafi frá tveimur lífeyrissjóðum, tryggingafélagi og mörgum iðnfélögum. (Guðrún Áslaug Einarsdóttir, Kristín Siggeirsdóttir og Unnur St. Alfreðsdóttir, 2004). Hluthöfum fjölgaði einnig og eru núna 10 talsins.

Starfsfólk

Í upphafi störfuðu tveir iðjubjálfar að undirbúningi starfseminnar og mótuðu hugmyndafræðina. Við opnun fjölgaði starfsmönnum og ráðinn var félagsráðgjafi og einn iðjubjálfi til viðbótar. Einnig hófst samstarf við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Í dag eru fastráðnir starfsmenn orðnir sex; tveir iðjubjálfar í fullu starfi, einn iðjubjálfi, félagsráðgjafi og tveir sjúkraþjálfarar í hlutastarfi. Einnig koma endurhæfingarlæknir, geðlæknir og sálfræðingur að starfseminni sem verktakar. Sex kennarar frá Iðnskólanum í Reykjavík kenna hjá Janusi endurhæfingu.

Uppbygging

Flestir þátttakendur vinna eftir stundaskrá sem skiptist í vetrar- og sumardagskrá. Möguleiki er að sérsníða stundaskrána fyrir hvern og einn ef þörf er á. Heilbrigðisstarfsfólk Janusar endurhæfingar býður upp á heilsueflingu, sjálfseflingu, samskipti, markmiðssetningu og líkamsþjálfun. Einnig er kennt á tölvur, kennd félagsfræði, íslenska og hönnun sem er sinnt af kennurum Iðnskólans í Reykjavík. Einstaklingsviðtöl eru mikilvægur þáttur í starfseminni þar sem þátttakandinn fær aðstoð fagfólks Janusar endurhæfingar til að vinna að markmiðum sínum.

Tímabil endurhæfingarinnar getur lengst staðið yfir í eitt ár. Ef á þarf að halda getur

Þátttakandinn fengið frekari aðstoð við að ná markmiðum sínum í formi eftirfylgdar.

Eftirfylgdin felur í sér stuðning við þátttakandann varðandi atvinnuleit, starf eða nám.

Inntökuskilyrði

Ástæður þess að þátttakendur leita til Janusar endurhæfingar eru afar fjölbreyttar, s.s slys, ýmiskonar veikindi og áföll. Nauðsynlegt er að þeir hafi lokið allri meiriháttar læknisfræðilegri meðferð, svo sem ætluðum skurðaðgerðum og séu tilbúnir til þess að takast á við endurhæfinguna. Forsenda árangursríkrar atvinnuendurhæfingar er að þátttakendur hafi raunverulegan áhuga á að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Inntökufærlið hefur aðeins breyst. Í byrjun fylgdi endurhæfingin skólaári Iðnskólans og voru þátttakendur teknir inn tvisvar á ári. (Ársskýrsla Janusar endurhæfingar, 2004).

Núna eru nýir þátttakendur teknir inn sex sinnum á ári. Það má segja að kennslan sé einstaklingsmiðuð. Hver og einn fer á sínum hraða í gegnum endurhæfinguna og ber kennsla og stuðningur keim af því.

Námsmat

Árið 2003 veitti menntamálaráðherra samþykki fyrir því að allt nám innan atvinnuendurhæfingarinnar væri metið til sex valeininga á framhaldsskólastigi. Þar með talin fræðslan sem heilbrigðisstarfsmenn veita (Ársskýrsla Janusar endurhæfingar, 2004).

Hugmyndafræði

Endurhæfingin byggir á heildrænni sýn á heilbrigði, þar sem markmiðið er samspil og eðlileg þátttaka einstaklingsins í samfélaginu. Gengið er út frá því að einstaklingurinn geti haft áhrif á umhverfi sitt og öfugt. Einnig að hann þekki sjálfan sig best og viti því oftast hvað honum hentar. Hann geti samt sem áður þurft aðstoð margra fagstétta til þess að ná þeim markmiðum sem hann sækist eftir. Einnig að deildir framhaldsskóla og vinnustaðir henti oft á tíðum vel til atvinnuendurhæfingar.

Þátttaka og árangur

Frá upphafi starfseminnar fram til ársloka 2004 hafa samtals 106 þátttakendur hafið endurhæfingu og þar af 11 verið í styttri endurhæfingu eða 3 mánuði. Heildarárangur miðað við síðustu áramót er að 27 eru í vinnu á almennum vinnumarkaði, 2 í vinnu á vernduðum vinnustað, 14 stunda framhaldsnám, 6 eru í atvinnuleit, 18 eru áfram í endurhæfingu og 28 áfram á örorkubótum en 11 hafa þurft á öðrum úrræðum að halda.

Þetta þýðir að samtals 56% þátttakenda voru komnir með atvinnu, í nám eða voru í atvinnuleit um síðustu áramót ef frátaldir eru þeir sem voru áfram í endurhæfingu. Þetta er ótrúlega góður árangur og ekki síst ef haft er í huga að meðaltalstími þátttakenda okkar frá vinnu eru 2,5 ár og mjög margir þeirra afar illa á sig komnir jafnt andlega sem líkamlega.

Þróun

Segja má að það sem einkenni vinnustaðinn Janus endurhæfingu sé síbreytileiki ásamt stöðugleika og festu. Áhersla er lögð á sífellt endurmat starfseminnar. Hvað megi gera betur, hvernig og hvort sé raunhæft að hrinda nýjungum í framkvæmd. Sé talið að svo sé, þá er það reynt. Það leggja allir sitt á vogarskálarnar og árangurinn er þróun og frekari útfærsla á hugmyndafræðinni.

Fyrir tæpum tveimur árum var byrjað að bjóða upp á þriggja mánaða sérsniðið námskeið, hugsað til þess að þjónusta einstaklinga sem verið hafa stuttan tíma frá vinnu eða eiga á hættu að flosna upp frá vinnu af einhverjum orsökum. Þetta var í samræmi við markmið starfseminnar, en það er að fá fólk sem fyrst í endurhæfingu eftir að það hefur þurft að hætta vinnu þar sem það eykur möguleika á að árangur náist. Í fyrstu var gerður þjónustusamningur við sjúkrasjóðinn Eflingu og Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Árangurinn reyndist mjög góður og er námskeiðið í dag hluti af atvinnuendurhæfingunni. Þessi breyting hefur reynst vel, eykur nýtingu plássa og veitir einstaklingnum betri stuðning.

Stofnuð var vinnuvistfræðideild innan Janusar endurhæfingar til að sinna fyrirspurnum um vinnuvistfræðileg málefni sem fyrirtækinu berast frá þeim aðilum sem eru í samstarfi við Janus endurhæfingu.

Einnig er boðið upp á sérhannað námskeið fyrir starfsfólk sjúkra- og lífeyrissjóða sem snýr að samskiptum við viðskiptavininn.

Síðast en ekki síst var nýlega undirritaður þjónustusamningur við Tryggingastofnun ríkisins um mat til starfsendurhæfingar. Samningurinn er til eins árs og felur einnig í sér endurhæfingu á meðan beðið er eftir úrræðum. Það er gert til þess að styðja betur við þátttakandann og auka líkur á að atvinnuendurhæfing beri tilætlaðan árangur.

Allar líkur eru á að hugmyndafræði Janusar endurhæfingar geti borist út fyrir landsteinana þar sem fyrirtækinu barst beiðni um að taka þátt í þróun atvinnuendurhæfingar á Norðurlöndunum síðastliðið sumar. Fyrirtæki í Noregi, Svíþjóð og Danmörku ásamt JE hafa tekið höndum saman og lagt upp 3 ára verkefni því tengdu.

Starfssvið félagsráðgjafans

Janus endurhæfing er fremur ungt fyrirtæki og sífellt í mótun og dregur starfssvið félagsráðgjafans dóm af því. Verkefni eru gefandi og fjölbreytt en á sama tíma krefjandi. Þau eru ekki öll ný af nálinni en starfsumhverfið er það. Þátttakendur koma á hverjum degi og eru að jafnaði 4-5 klst. í senn. Það er því auðvelt að kynnast einstaklingnum vel og fylgjast náið með hvernig honum líður og vegnar. Félagráðgjafinn getur því komið strax til aðstoðar og reynt að finna úrlausn mála með viðkomandi ef eitthvað bjátar á eða einhver annar Janusarstarfsmaður allt eftir því um hvað málið snýst. Komið hefur fram að þátttakendur kunna vel að meta hversu aðgengilegt starfsfólk Janusar er og telja þeir það skipta miklu máli til að ná þeim árangri sem þeir stefna að (Kristjana Fenger, 2004).

Verkefni félagsráðgjafans má greina niður í nokkur viðfangsefni.

Fyrst er að nefna inntökuviðtal sem tekið er

í upphafi.

Tilgangurinn með því er að taka mið af þörfum og aðstæðum þátttakandans við skipulagningu endurhæfingarinnar.

Einnig er MÁS eða Mat á sjálfstrausti lagt fyrir til þess að meta andlega líðan og sjálfstraust þátttakandans og kanna á hvaða sviðum hann þarf að styrkja sig.

Félagráðgjafi sér um sjálfsefningu og samskipti. Þar er ýmislegt tekið fyrir sem viðkemur andlegri uppbyggingu, einnig eru þátttakendur þjálfaðir í atvinnuviðtölum.

Félagráðgjafi er viðstaddur kennslustund þátttakenda hjá kennurum Iðnskólans eins og aðrir starfsmenn Janusar endurhæfingar. Hlutverk hans er eingöngu að fylgjast með og aðstoða ef þörf krefur út frá sjónarmiði endurhæfingarinnar.

Mikilvægur þáttur í starfi félagsráðgjafans er að fara vel yfir fjárhagsstöðu þátttakandans þar sem það hefur sýnt sig að erfið fjárhagsstaða er oft hindrun á vegi einstaklingsins í endurhæfingunni. Það er því mikið kappsmál Janusar endurhæfingar að taka sem best á þessum málum. Í því skyni hefur fyrirtækið hafið samstarf við Ráðgjafastofu um Fjármálheimilanna og Íslandsbanka. Stefnt er að samstarfi við fleiri aðila.

Fyrir utan inntökuviðtöl og viðtöl vegna fjármála býður félagsráðgjafi upp á einstaklingsviðtöl (stundum eru um ör-viðtöl að ræða) og hjóna- og fjölskylduviðtöl. Áhersla er lögð á að vinna að velferð þátttakandans í hans nánasta umhverfi. Enda getur þetta allt haft áhrif á framgang endurhæfingarinnar. Í rannsóknarverkefni námsráðgjafanema um Janus endurhæfingu kom m.a. fram að samskipti fedra við börn sem búa ekki hjá þeim jukust eftir að þeir hófu atvinnuendurhæfingu hjá fyrirtækinu. (Ásta Arnmundsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Klara Öfjörð Sigfúsdóttir og Sveinhildur Vilhjálmisdóttir, 2003). Einnig er um svokölluð stöðumatsviðtöl að ræða. Í þeim viðtölum er farið yfir stöðu þátttakandans, hvernig gangi, hvernig hann nýtir sér endurhæfinguna og hvert stefnir. Þetta viðtal taka þrjár starfsstéttir saman.

Í sumum tilfellum aðstoðar félagsráðgjafi við atvinnuleit og býður upp á einkaslökun og dáleiðslu. Félagráðgjafi hefur haldið og þróað námskeið fyrir lífeyris og sjúkrasjóði ásamt iðjuþjálfra Janusar endurhæfingar.

Eins og aðrir starfsmenn tekur félagsráðgjafi þátt í þróun og vinnur að eflingu og uppbyggingu fyrirtækisins. Í þessum tilgangi eru haldnir sérstakir fundir, starfsdagar og jafnvel farið út fyrir landsteinana. Þetta starf hefur skilað góðum árangri og fékk fyrirtækið starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs og Menntar í opnum flokki á árinu 2004.

Það var mikill heiður og viðurkenning á starfseminni og þeirri hugmyndafræði sem býr að baki. Þetta hefur hvatt starfsmenn og eftt til að halda áfram á sömu braut. Það gleður líka að í haust hófst Endurhæfingarsmiðja á Akranesi í samstarfi við Janus endurhæfingu og er þar unnið út frá hugmyndafræði Janusar endurhæfingar þ.e.a.s. heilbrigðisstarfsmenn og kennarar vinna saman að því að styrkja þátttakandann á leið sinni út í atvinnulífið. Uppbygging Janusar endurhæfingar er þannig úr garði gerð að starfsemin ætti að geta blómstrað hvar sem er á landinu þar sem er skólastofnun á framhaldsskólastigi og heilbrigðismenntað starfsfólk ásamt banka- stofnun. Starfsemi Janusar endurhæfingar hefur þegar sannað að hægt er að ná mjög góðum árangri með góðir samvinnu sérfræðinga innan ólíkra kerfa. Það er því einlæg von okkar og trú að hugmyndafræði og starfsemi Janusar endurhæfingar eigi bjarta framtíð fyrir sér.

Heimildir

- Guðrún Áslaug Einarsdóttir, Kristín Siggeirsdóttir og Unnur St. Alfreðsdóttir. (2004). Atvinnuendurhæfing. *Glæður tímarit um uppeldi og skólamál*, 14 (2), 33-36.
- Ársskýrsla Janusar endurhæfingar. (2004). Reykjavík: Janus endurhæfing ehf.
- Kristjana Fenger. (2004). *Upplifun skjólstaðinga í endurhæfingu*. Erindi flutt á ársfundi Janusar endurhæfingar ehf. í Reykjavík.
- Ásta Arnmundsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Klara Öfjörð Sigfúsdóttir og Sveinhildur Vilhjálmsdóttir. (2003). *Hver ferð hefst með einu skrefi*. Óbirt námsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.